STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 2004

9. júní 2004 1217 Nr. 484

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum út af Suðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 16. júní 2004, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar út af Suðausturlandi á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 32′30 N – 11° 41′00 V
2. 64° 37′00 N – 10° 51′00 V
3. 64° 17′00 N – 10° 34′00 V
4. 64° 04′00 N – 11° 04′00 V
5. 63° 45′00 N – 10° 40′00 V
6. 63° 30′00 N – 10° 55′00 V
7. 63° 17′00 N – 11° 20′00 V
8. 63° 26′00 N – 11° 55′00 V
9. 63° 43′40 N – 13° 53′00 V
10. 64° 00′00 N – 13° 07′00 V
11. 64° 21′70 N – 12° 17′30 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 334, 12. maí 2003, um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júní 2004.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

B 80
Gutenberg